

85

28. maí **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um embættislán handa prestakalli.** (Ágrip). — Með brjefi þessu samþykki landshöfðingi, að tekjur Hofsprestakalls í Vopnafirði væru veðbundnar fyrir allt að 2800 kr. láni um 28 ár til þess að byggja á presisetrunu hús, 23 álna langt og 8 al. breitt, er verði eign staðarins, með venjulegum skilyrðum, þar á meðal, að húsinu skuli haldið í ábyrgð, er nemi 3200 krónum.

86

5. júní **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um embættislán handa prestakalli.** (Ágrip). — Með brjefi þessu var prestinum að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd leyft að veðbinda tekjur prestakallsins um 8 ár fyrir 400 kr. láni til nauðsynlegra aðgjörða á kirkjunni þar á staðnum, þannig, að vextir og afborganir greiðist af tekjum prestakallsins, að svo miklu leyti, sem tekjur kirkjunnar hrökkva eigi til, og með því skilyrði, að greiddar væru af lánsupphæðinni eptirstöðvar af eldra láni til kirkjunnar, veittu 4. júní 1878.

87

5. júní **Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um sveit-festi þurfalings.** — Með þóknanlegu brjefi dagsettu 10. apríl þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dags. 1. okt. f. á., innihaldandi áfrýjan hreppsnefndarinnar í Rangárvallahreppi á úrskurði amtsins, dags. 15. maí 1894, en með úrskurði þessum er ákveðið, að Halldór nokkur Einarsson hafi átt sveitfesti í nefndum hreppi, þá er hann andaðist í Reykjavík 3. nóv. 1888, og að Rangárvallahreppi beri að endurgjalda fátækra sjóði Reykjavíkur kostnaðinn við greptrun hans, að upphæð 31 kr., er greitt var af nefndum sjóði; fer hreppsnefndin fram á, að tjeðum úrskurði verði breytt þannig, að Halldór Einarsson verði álitinn að hafa átt sveit í Rosmhvalaneshreppi í Gullbringusýslu, og umgetinn kostnaður því lagður á þann hrepp.

Það er viðurkennt í máli þessu, að Halldór Einarsson hafi hvergi átt sveitfesti annarsstaðar en í fæðingarhreppi sínum Rangárvallahreppi, þegar hann árið 1875 fluttist þaðan í Rosmhvalaneshrepp, sömuleiðis, að hann síðan hafi haft óslitna dvöl í þeim hreppi í 11 ár eða til vors 1886. En hreppsnefndin í Rosmhvalaneshreppi hefir haldið því fram, að hann hafi ekki unnið sjer sveitfesti með þessari dvöl, með því að hann hafi dvalið þar í ólöglegri húsmennsku, og þegið fje af hreppssjóði, samtals 24 kr., hallærisárin 1884—1885 og 1885—1886. Fyrir hinu fyrra atriði, að dvöl hans hafi verið ólögleg, færir hreppsnefndin þá ástæðu, að hann hafi ekki fengið leyfi hreppsnefndarinnar til húsmennsku í hreppnum; en á hinn bóginn er það viðurkennt, að hann hafi aldrei verið kærður nje dæmdur fyrir ólöglega húsmennsku, og að hann hafi átt bæ þann, er hann bjó í, goldið til sveitar og innt af hendi öll skylduverk og gjöld í hreppnum, sem honum bar að lögum. Jafnvel þótt hann hafi ekki fengið skriflegt leyfi, verður því að álíta, að hafi hann haft þegjandisamþykkinefndarinnar til húsmennskudvalarinnar, sem með því að leggja á hann gjöld til hreppsins sem húsmann og liða hann óátalið hefir tekið hann gildan sem slíkan, sbr. lhbrj. 23. sept. 1887 (Stjt. 1887 B, bls. 123—124) og lhbrj. 5. jan. og 26. maí 1893 (Stjt.

1893, B. bls. 1—2 og 62—63); húsmennskudvöl hans getur því ekki verið því **87** til fyrirstöðu, að hann hafi öðlattsveitfesti með dvöl sinni í Rosmhvalaneshreppi. 5. júní. Að því er hið síðara atriði snertir, að hann hafi þegið styrk af hreppsfe, er það upplýst, að hjer er að ræða um svo nefnt bráðabyrgðalán sökum hallæris, og með því að ekki er sannað nje upplýst, að sömu reglum hafi verið fylgt og sömu skilyrða gætt við veitingu þessa láns, eins og fylgja ber og gæta til þess að sveitarstyrkur geti talizt löglega veittur, eins og líka það atriði, að hreppsnefndin hefir ekki tilkynnt þáverandi framfærslusveit hans lánveitingarnar nje krafizt endurgjalds á lánsupphæðinni, virðist benda á, að hreppsnefnd Rosmhvalaneshrepps hafi ekki frá upphafi skoðað lánið sem sveitarstyrk, þá verður ekki með nægilegri vissu ályktað, að sveitfestisdvöl Halldórs í Rosmhvalaneshreppi hafi rofizt við nefnda lánveitingu, og ber því að álita, að Halldór Einarsson hafi við dauða sinn verið sveitlægur þar í sveit, og ber Rosmhvalaneshreppi því að endurborga bæjarsjóði Reykjavíkur framlagðar 31 kr. Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef til landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um embættislán handa presta- 88
kalli (ágrip). 22.júní.

Með brjefi þessu var samþykkt, að presturinn að Ásum í Skaptártungum tæki embættislán upp á prestakall, sitt að upphæð 1500 kr., til þess að byggja upp kirkju að Ásum. Lánið á að vera endurborgað með vöxtum á 20 árum.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 89
lántökuleyfi handa amtsráði (ágrip). 27.júní.

Með brjefi þessu var amtsráði vesturamtsins leyft að taka 3000 kr. lán til 6 ára til styrktar búnaðarskólanum í Ólafsdal.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu nm 90
endurveitingu hlunninda handa sparisjóði. (ágrip). 29.júní.

Með brjefi þessu voru sparisjóðnum á Akureyri endurveitt um 5 ára tímabil frá 1. jan. 1896 hlunnindi þau er samkv. tilsk. 5. jan. 1874 voru veitt honum með lhbrj. 30. desbr. 1890, með venjulegum skilyrðum, þar á meðal um reikningsform, sbr. lhbrj. 30. nóv. 1892 (Stjt. 1892, B, bls. 257).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um 91.
útsvarsálag á verzlanir. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 16. apríl þ. á. hafið þjer 2. júlí. herra amtmaður, sent mjer erindi frá verzlunarstjóra Ó. F. Daviðssyni á Vopnafirði, þar sem hann spyrst fyrir um það, hvernig skilja beri lög 9. ág. 1889, að því leyti sem þau ákveða, að leggja skuli á verzlanir útsvar, er samsvari út-